Alþingi 9.6.2015
Málsnr.: 1505119
Málalykill: 0345

**Ágæta Umhverfis og samgöngunefnd**

Minja- og Sögufélag Grindavíkur lýsir yfir miklum vonbrigðum með að ekki skuli vera á döfinni að setja upp sjóvörn til að verja gamalt uppsátur og bryggju - Nesvör í Þórkötlustaðanesi, sem hefur númerið GK-011:024 á náttúruminjaskrá. Þar segir meðal annars: „Meðan árabátarnir voru, var Buðlunguvör 013 notuð , alltaf þegar fært þótti, en í öllu misjöfnu var lent í Nesinu eins og kallað var, og áttu þeir Þórkötlustaðamenn því aflann eftir hverja vertíð á tveimur stöðum. Þetta breyttist þegar vélar komu í bátana (trillur). Eftir það var eingöngu lent í Nesinu.“ Þarna eru í dag steyptar leifar bryggjunnar (reist 1932-3) nú uppfullar af grjóti sem sjórinn hefur rutt upp í þær.

Minja- og sögufélag Grindavíkur bendir umhverfis og samgöngunefnd á að ef ekki verður gripið inn í hið bráðasta með sjóvörnum þá munu þessar merku og mikilvægu sjóminjar eyðast á allra næstu árum. Á fáum stöðum á landinu eru minjar eins og þessar jafn aðgengilegar og jafn stutt frá höfuðborgarsvæðinu. Þarna er því einstakt tækifæri til að varðveita minjar um sjósókn, vinnslu og búsetu frá fyrri hluta 20. aldar í seilingarfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.

Í fylgigögnum með þessari umsögn eru myndir af þessum söguminjum sem samanstanda af steyptri bryggju, uppsátri þar sem bátar voru dregnir upp ásamt handsnúnu spili sem var notað við þær aðgerðir. Vel sést hvernig sjórinn er að brjóta þessar merku mannvirki niður og mokar grjóti yfir þau. Einnig sést á myndum að mikið er af mannvistarleifum í kringum Nesvör svo sem ísbirgi þar sem safnað var snjó á vetrum sem var svo notaður til að kæla fisk.

Því skorum við á háttvirta umhverfis og samgöngunefnd að endurskoða lið nr. 1.3 Hafnarframkvæmdir og sjóvarnir Töflum 6 og 7. um sjóvarnir og koma í veg fyrir að þessar miklu menningarminjar um íslenskan sjávarútveg á Íslandi í upphafi síðustu aldar glatist.

Fyrir hönd stjórnar Minja- og sögufélags Grindavíkur

Hallur Gunnarsson

*Hallur J. Gunnarsson, formaður*


ÞORKÖTLUSTAÐANES

en aldursgreining á því hefur gefið til kynna að það hafi
runnið fyrir um 8000 árum. Meginhraunstraumurinn var um
Gjána, langa hraunrás eftir miðju Nesinu. Upphaflega hefur
það verið mun stærra því sjórinn hefur brotið smám saman






*Ljósmyndin er tekin um 1935. Á henni sjást bátar ofan bryggjunnar, fiskvinnsluskúrar og Höfn fjærst. (Höfundur óþekktur).*

utan af því í árþúsundirnar. Vestasti hluti Nessins nefnist
Hópsnes.
Eitt helsta auðkennið á svæðinu er Nesvitinn, sem reistur
var árið 1928. Svæðið geymir fjölmargt annað, sem bæði
má lesa um hér og sjá á meðfylgjandi uppdrætti.
Bryggjan úti í Járngerðarstaðahverfi var byggð á árunum
1931-1932. Hún var steypt með veggjum og þekju, grjótfyll-
og hallaði í sjó fram. Náði endi hennar u.þ.b. einn metra
út fyrir stórstraumsfjöruborð. Þrátt fyrir mikinn fögnuð
Grindvíkinga með bryggjuna þótti hún of stutt. Árið 1933 var
bryggjan lengd. Sama ár voru gerðar samskonar bryggjur í
Þórkötlustaðahverfi og Staðahverfi.

## Sjósókn og útgerð

... sem eru ofan við Nesvörina (bryggjunni), eiga sér





